

## Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga

verður haldinn fimmtudaginn 12. maí kl. 17  
á Grand hóteli.

Nánari dagskrá verður send í fundarboði.


Árið 2011 fer ágætlega af stað hjá sjóðnum. Ávöxtun samtryggingardeildar fyrstu þrjá mánuði ársins er góð án tillits til mögulegra niðurfærsla sem vonandi verða mun minni á þessu ári en því síðasta. Nýverið hófst almenn stefnumótun með þátttöku stjórnar-, varastjórnar- og starfsmanna og stefnt er að því að henni ljúki í maí. Fyrstu drög að útlístu á markaðsáhættu sjóðsins eru að líta dagsins ljós og mótun áhættustefnu miðar vel. Gert er ráð fyrir því að unnið verði áfram að gerð áhættustefnu og áhættugreiningar næstu mánuði og að lokahnykkurinn á þeirri vinnu verði ný fjárfestingarstefna fyrir árið 2012 í haust. Áhættustýring mun verða viðvarandi hluti af rekstri sjóðsins. Gerð verður bragarbót á upplýsingatæknimálum og verkferlum hjá sjóðnum auk þess sem einhver breyting verður á verkefnum starfsmanna á árinu.

### Helstu tölur


Í milljónum króna	2010	2009
Heildariðgjöld	2,105	2,061
Heildarlífeyrisgreiðslur	434	429
Fjárfestingatekjur	209	2,215
Fjárfestingagjöld	91	78
Rekstrarkostnaður	70	58
Hækkun á hreinni eign	1,718	3,711
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>29,999</b>	<b>28,281</b>
Hrein nafnávöxtun	0,20%	8,20%
Hrein raunávöxtun	-2,40%	-0,40%
Hrein raunáv. 5 ára mtal.	-6,20%	-3,80%
Raunávöxtun 20 ára mtal.	1,90%	2,00%
Tryggingafræðileg staða	-8,70%	-14,80%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	2,595	2,621
Fjöldi lífeyrisþega	235	229
Fjöldi stöðugilda	7	6

Stjórn og framkvæmdastjóri samþykktu í lok mars ársreikning sjóðsins. Hér fyrir ofan má sjá helstu tölur vegna ársins 2010. Hrein raunávöxtun var -2,4% en án varúðarniðurfærslu hefði ávöxtunin orðið jákvæð um 1,8%. Innlend skuldabréf án skuldabréfa fyrirtækja og bankainnistæður gáfu bestu ávöxtun eignaflokka í samtryggingardeild. Varúðarniðurfærslur samtryggingardeildar námu á árinu 2010 1.262m.kr. en voru árið 2009 2.029m.kr. Niðurfærslur á árinu 2010 voru að mestu leyti vegna innlendra skuldabréfa fyrirtækja. Óvissa er ennþá um verðmæti ákveðinna

### Hrein raunávöxtun



### Verðbréfaeign í árslok



eigna safnsins s.s. skuldabréf fyrirtækja og uppgjör gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga.

Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar var neikvæð um 8,7% í árslok 2010 að teknu tilliti til skerðingar réttinda 1. janúar 2011 um 5%. Staða áfallinna skuldbindinga var neikvæð um 7.162 m.kr. eða 19,2% af áföllnum skuldbindingum. Staða vegna væntra framtíðariðgjalda var hins vegar jákvæð um 1.331 m.kr. eða um 4,5% af framtíðarskuldbindingum. Samanlagt var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 5.831 m.kr. Skerðing réttinda 1. janúar 2011 um 5% bætti tryggingafræðilega stöðu sjóðsins um 2,5%. Til þess að ofangreind áætlun sjóðsins standist án frekari skerðinga þá þyrfti árleg raunávöxtun sjóðsins næstu árin að vera um 9%.

## Ávöxtun séreignar árið 2010

Nafnávöxtun séreignaleiða fyrir árið 2010 var góð.

	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Séreignarleið 1	9,20%	6,50%
Séreignarleið 2	12,20%	9,40%
Séreignarleið 3	9,20%	6,50%

Í séreignarleið 1 þá skiluðu ríkistryggðu bréfin langmestu af heildarávöxtun. Önnur innlend skuldabréf skiluðu minna en 0,4% þrátt fyrir að vera um 20% af safninu. Ástæðan er niðurfærsla bréfa um mitt árið sem falla undir þennan flokk.

Í séreignarleið 2 þá skiluðu ríkistryggðu bréfin mestu eða um 7% en þau eru um 40% af safninu. Innlendu hlutabréfin skiluðu hins vegar hlutfallslega mestu eða 3,79%, þrátt fyrir að vera megnið af árinu innan við 10% af safninu. Innlend hlutabréf eru nú tæp 20% af safninu. Erlendu bréfin hækkuðu töluvert í verði en vegna styrkingar krónunnar þá var krónuávöxtunin frekar lítil.

Í séreignarleið 3 þá er um innlánsleið að ræða með heimild til að fjárfesta í ríkistryggðum bréfum. Um 30% af safninu var í ríkistryggðum bréfum og skilaði það tæpum 4% af ávöxtun safnsins. Meirihluti safnsins er því óverðtryggð innlán og um 7% af heildarsafninu var verðtryggður.

## Iðgjaldyfirlit

Þessu fréttabréfi fylgir yfirlit yfir iðgjöld til samtryggingar- og séreignardeilda fyrir allt árið 2010 og um réttindi í lok ársins a.t.t. 5% skerðingar þann 1.1.2011. Ekki er óeðlilegt að nýjustu mánuði vanti í yfirlitið vegna skráningar og innheimtu skilagreina. Þeir sem hafa afþakkað yfirlit á pappír fá ekki póstsent yfirlit né fréttabréf og er þeim bent á að skoða yfirlit sín á sjóðfélagavefnum. Fréttabréfið er hægt að skoða á vef sjóðsins. Ef villur eru í yfirlitunum eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að láta skrifstofu sjóðsins vita án tafar, annars er hætt á að réttindi tapist, sbr. lög um Ábyrgðasjóð launa. Hægt er að koma athugasemdum á framfæri með tölvupósti á [lifsverk@lifsverk.is](mailto:lifsverk@lifsverk.is) eða í síma 575-1000.

## Netföng

Hafin er söfnun netfanga sjóðfélaga með það að markmiði að nýta þann möguleika í samskiptum við sjóðfélaga s.s. við útsendingu fréttabréfa. Þeir fjölmörgu félagar sem hafa skráð sig á sjóðfélagavef og eru með veflykil eru vinsamlegast beðnir um að skrá breytt netfang ef svo ber undir. Aðrir eru vinsamlegast hvattir til þess að skrá sig inná sjóðfélagavefinn með veflykli sem kemur fram á útsendu yfirliti og skrá netfang sitt þar. Flipinn á sjóðfélagavefinn er staðsettur hægra megin á heimasíðu sjóðsins [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is).

## Tryggingafræðileg staða

Áætlun sjóðsins í átt að jafnvægi

